

441. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, þriðjudaginn 24. apríl 2012 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Guðni Ólafsson (GÓ) situr fundinn sem varamaður Bjarnveigar Guðbrandsdóttur (BG). Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá. Að teknir verði á dagskrá sem liður nr. 6, mál 1204052 – Innanríkisráðuneytið, afgreiðsla ársreiknings 2011 og sem liður nr. 7, mál 1204051 – Fjallskilasamþykkt fyrir Vestfirði. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Dagskrá:

- 1. 1203088 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 795.fundar stjórnar haldinn 16.mars 2012**
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1204033 - Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð XXVI.landsþings**
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1204014F - [Húsnæðisnefnd – 17.fundur, 10.apríl 2012.](#)**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 4. 1204018F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 68.fundur, 20.apríl 2012.](#)**
Liðir 1 og 2 eru staðfestir, en liður 3 tekinn út, þar sem ákveðið var að auglýsa aftur í stöðu skólastjóra, þar sem aðeins ein umsókn barst. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1204032 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011, fyrri umræða.**
Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011, ásamt fylgigögnum tekin til fyrri umræðu. Ársreikningurinn var lagður fram undirritaður af oddvita og óháðum endurskoðanda KPMG, til hreppsnefndar þann 30.mars s.l. Á fundinum er lögð fram endurskoðunarskýrsla endurskoðanda KPMG. Ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans vísað til síðari umræðu þann 9. maí. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1204052 - Innanríkisráðuneytið, ársreikningar sveitarfélaga 2011 - rafræn skil til annarra opinberra aðila.**
Sjá bókun í 5. tl.

Samþykkt samhljóða.

7. 1204051 - Fjallskilasamþykkt fyrir Vestfirði, fyrri umræða.

Erindinu vísað til fjallskilanefndar og síðan til umræðu á fundi hreppsnefndar þann 9. maí. Samþykkt samhljóða.

8. 1204028 - Starfsendurhæfing Vestfjarða, ársfundur 25.apríl 2012

Enginn fulltrúi mun mæta á fundinn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.

9. 1204019 - Þjóðskrá Íslands - Kjörskrárstofn vegna forsetakosninga 30. júní 2012.

Hreppsnefnd yfirfór íbúaskrá vegna undirbúnings kjörskrár í tilefni forsetakosninga, sem fram fara í júní. Samþykkt samhljóða

10. 1204007 - Iðnaðarráðuneyti - Þingsályktunartillaga "móta stefnu um lagningu raflínu í jörð"

Lagt fram til kynningar.

11. 1203089 - Leið ehf bílfar.is

Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.

12. 1204039 - Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657.mál

Sjá bókun í næsta lið.

13. 1204038 - Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðigjöld, 658.mál

Hreppsnefnd tekur undir ályktun frá sveitarstjórn Skagafjarðar sem segir :

„Við undirrituð vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við "umhleyplingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum" og segja að áformuð lagasetning muni verða "mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja". Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa "kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum."

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu "ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að", enda skorti enn þann "langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum".

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að "umhleyplingum" með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með enn minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.

Við slíkt verður ekki unað.

Þá tekur hreppsnefnd undir ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 2011 um auðlindagjald, sem segir:

" 56. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á Alþingi að tryggja að það auðlindagjald sem nú er innheimt af vestfirskum aflaheimildum og öll aukning þess renni til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfjörðum. Auðlindagjaldið renni til rannsókna, nýsköpunar og í fjárfestingarsjóð fyrir vestfirskar byggðir."

Samþykkt samhljóða.

14. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals

Oddvita heimilað að undirrita verksamning um leið og skrifleg staðfesting Orkusjóðs á erindi sveitarfélagsins liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Opinn fundur vegna breytinga á aðalskipulagi verður haldinn mánudaginn 30. apríl frá kl. 18-19 í Móbergi.

Oddviti kynnti auglýsingar vegna sumarstarfa og vinnuskóla, sem verða sendar út á morgun.

Oddviti kynnti ályktun Búnaðarþings vegna tvöfaldrar búsetu.

16. 1204031 - Lánasjóður sveitarfélaga, arðgreiðsla vegna ársins 2011

Lagt fram til kynningar.

17. 1204030 - Samband íslenskra sveitarfélaga endurgreiðsla VSK

Lagt fram til kynningar.

18. 1204029 - Ríkisskattstjóri staðfesting á útsvarsprósentu við álagningu 2012

Lagt fram til kynningar.

19. 1204021 - Innanríkisráðun - Skilagrein og tillögur nefdar um eflingu sveitastjórnarstigsins

Lagt fram til kynningar.

20. 1204020 - Jöfnunarsj - tímabundin breytinga á verkas ríkis og sveitafélaga
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:55.
